

Sþ. **226. Tillaga til þingsályktunar** [129. mál]
um könnun á nýtingu ríkisjarða í þágu aldraðra.

Flm.: Helgi Seljan, Stefán Jónsson, Skúli Alexandersson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara könnun á þeim möguleika að nýta ríkisjarðir í nánd þéttbýlisstaða með góða heilsugæsluaðstöðu sem dvalarheimili fyrir aldraða eða festa kaup á jörðum í þessu skyni.

Dvalarheimilin yrðu byggð upp sem smáar einingar, þar sem búandfólk, sem flytja þarf af bújörðum sínum vegna aldurs eða heilsuþrests, gæti haft smábúskap, sameiginlega eða út af fyrir sig undir ákveðinni yfirstjórn og með vissri aðstoð.

Reynt yrði að tengja slík heimili svo sem kostur væri við smáiðnað í sveitum einnig.

G r e i n a r g e r ð .

Tillaga þessi var flutt á 100. löggjafarþingi, en varð þá eigi útrædd. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Aðstaða aldraðra í þjóðfélaginu til að njóta ævkvöldsins sem best hefur verið mjög til umræðu á undanförunum árum. Þjóðfélagsþróunin hefur orðið þess valdandi, að í raun blasir við æ meiri einangrun þessa fólks, ef ekkert er að gert. Eitt veigamesta atriðið í velferð aldraðra á elliárum þeirra er öruggt athvarf og aðstæður til að starfa svo lengi sem frekast er kostur.

Athugun á atvinnumálum aldraðra var samþykkt í formi þingsályktunar fyrir nokkrum árum, en fyrsti flm. þeirrar tillögu þá var Svava Jakobsdóttir. Hægt mun þar miða, því miður, og er þó ærin þörf sem eftir kallar. Fólk með skerta starfsorku hefur engu síðri þörf fyrir að veita henni útrás og öðlast þannig aukna lífsfyllingu en þeir sem við fulla starfsorku búa.

Sé grannt skoðað um aðstæður allar er þörfin sennilega enn meiri m. a. í ljósi þess, að þetta fólk vill mörgum öðrum fremur leggja sitt af mörkum, vera hlutgengari þjóðfélagsþegnar með virkni sinni í atvinnulífinu.

Eitt með því alvarlegra, sem blasir við okkur varðandi allt of margt fólk, er sú mikla og spögga lífsvenjubreyting og oft algera röskun sem á högum þess verður við það t. d. að flytjast inn á elliheimili. Þessi þingsályktun beinist að könnun á því, hvernig e. t. v. sé unnt að taka að hluta á þessu vandamáli hjá því fólk, sem verður að þola hér mest umskipti og röskun á öllum högum sínum, þ. e. aldrað fólk í sveitum. Sem betur fer á mikill hluti þess kost á athvarfi heima hjá sér allt til hins síðasta, en hins vegar munu þó dæmin fleiri, ekki síst vegna þeirrar miklu fólksfækkunar sem í sveitum hefur orðið og síður en svo sér nú fyrir endann á.

Ríkið á margar ágætar jarðir um land allt, sumar vel hýstar og vel setnar, aðrar annað hvort, enn aðrar eyðijarðir eða því sem næst. Okkur flm. þykir fullkomin ástæða til að kanna möguleika á nýtingu einhverra þessara jarða í því skyni að koma upp litlum dvalarheimilum fyrir aldrað fólk, sem kysi að hafa smábúskap áfram eða stunda einhverja aðra iðju, sem væri þá tengd landbúnaði á einhvern hátt, svo sem fullvinnslu á landbúnaðarafurðum. Við teljum einnig mjög koma til álita kaup á jörðum, er losnuðu úr ábúð og ekki yrðu betur til annars nýttar.

Við flm. erum þess fullvissir að þessa könnun eigi að gera sem besta því hér gæti þetta aldraða fólk búið við svipaðar aðstæður og lífsstarf þess hefur við miðast, með að sjálfsögðu þeirri aðstoð sem nauðsynleg kann að reynast, bæði varðandi vissa yfirstjórn (ráðsmann eða forstöðumann), nauðsynlega aðstoð varðandi vélanotkun og ef með þarf einhverja heimilishjálp. Smáar einingar væru hér eðlilegastar, en þó yrði stærð þeirra að fara eftir hagkvæmni varðandi nýtingu jarðar og ekki síður fjárhagslegri hagkvæmni.

Hugmyndin að þessari tillögu er m. a. komin frá þeim, sem hér ættu gerst að vita, þ. e. frá sveitafólki, sem orðið hefur að fara á dvalarheimili í þéttbýli þvert gegn innsta vilja sínum, aðeins af því að ekki var um annað að ræða, — sveitafólki, sem ekki gat rekið sjálfstæðan, erfiðan búskap lengur, en hafði alla orku og krafta til þess að hafa smábúskap með höndum, fólk, sem situr nú að mestu auðum höndum, en vildi gjarnan leggja hönd á plóginn að einhverri verðmætasköpun í þjóðfélaginu og þá eðlilega helst þeirri sem tengist lífsstarfi þess um langan aldur. Þessi sjónarmið eru hér sett fram í tillöguformi eins og þau komu frá þeim aðilum, sem vöktu fyrst máls á þessu.

Sú stefna, að dvalarheimili eða íbúðir fyrir aldraða eigi að vera smáar einingar, á nú góðu heilli almennu fylgi að fagna, og sú tilhögun, sem hér er lagt til að könnuð verði, er hið besta í samræmi við þá meginstefnu.

Flm. gera sér ljósa ýmsa annmarka hér á og vilja því itarlega könnun á þessu máli sem fyrsta skref. Þeir vita um þá augljósu einangrunarhættu, sem af slíku fyrirkomulagi stafar, einangrun frá öðrum aldurshópum, sem er mikið vandamál margs aldraðs fólks. En sú einangrun mæðir sannarlega ekki síður á fólk í þéttbýlinu og eflaust mest og verst hér á suðvesturhorninu, á hinum fjölmennu stofnunum, sem þar er að finna. Hins vegar koma möguleikarnir til eðlilegs starfs hér mjög á móti og útilokað er að einangrunin verði svo alger sem hún oft vill verða í mesta þéttbýlinu.

Við leggjum mikla áherslu á að heimili þessi verði í nánd þeirra staða sem hafa góða heilsugæsluáðstöðu, en þeim þéttbýllisstöðum fer nú ört fjölgandi. Hér er um sjálfsagt öryggisatriði að ræða, sem taka verður mið af í könnuninni.

Að lokum vilja flm. benda á að ekki síður koma öryrkjar hér til greina, þó tillaga um forkönnun málsins feli það aðeins óbeint í sér.

Alþýðubandalagsmenn fengu samþykkt á s.l. vori tillögu um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum. Því telja flm. þessarar tillögu rétt, að í könnun og hugsanlegri framkvæmd þessa máls verði einnig hugað að þessum smáiðnaði og þátttöku aldraðs fólks þar svo sem frekast er kostur.

Könnunin mun að sjálfsögðu leiða í ljós kostnað af tilhögun sem þessari, en flm. telja að hann muni síst verða meiri en almennt er um heimili af þessu tagi, og hugsanlegur aukakostnaður mun skila sér til baka, bæði fjárhagslega beint og ekki síður í aukinni lífshamingju þess fólks, sem við eigum samfélagslega skuld að gjalda.

Nánar í framsögu.